

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Bitra, Flóahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 12. apríl 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps frá 28. mars 2006.

Breytingin felst í því að um 5 ha landbúnaðarsvæði í landi Bitru breytist í blandað svæði fyrir þjónustustofnanir og fyrir verslun og þjónustu. Gert er ráð fyrir fangelsi í landi Bitru auk möguleika á rekstri gisti- og/eða veitingaþjónustu að þeirri starfsemi liðinni.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. apríl 2010.

Svandís Svavarsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2010